

Páll Hreinsson,  
Viðiteigur 28,  
270 Mosfellsbær.

## Fylgiskjal 1

Reykjavík, 27. október 2016.

### Efni: Skipunarbréf óháðrar rannsóknarnefndar Háskóla Íslands og Landspítala vegna ígræðslu plastbarka í sjúkling frá Íslandi á Karolinska sjúkrahúsinu.

Hér með eruð þér skipaður formaður nefndar Háskóla Íslands og Landspítala sem hefur það hlutverk að rannsaka mál Andemariams Teklesenbet Beyene sem var sendur frá Íslandi til Svíþjóðar til læknismeðferðar og græddur í plastbarki á Karolinska sjúkrahúsinu (KS) í júní 2011. Aðrir nefndarmenn eru Georg Bjarnason, krabbameinslæknir og ví sindamaður hjá SunnyBrook Health Sciences Centre í Toronto, Kanada, og María Sigurjónsdóttir, geðlæknir í Noregi.

Í Svíþjóð er lokið tveimur viðamiklum sjálfstæðum rannsóknum á þeim þáttum málsins er lúta að klínískum og ví sindalegum ferlum stofnana er að komu höfðu að málínu. Niðurstöðurnar lúta einkum að Karolinska stofnuninni (KI) og KS í Stokkhólmi. Háskóli Íslands (HÍ) og Landspítali (LSH) hafa stutt þessar rannsóknir og átt samvinnu við rannsóknaraðila. Ákveðið var að stofna rannsóknarnefndina í kjölfar þessara skýrslna en von er á fleiri skýrslum frá Svíþjóð vegna málsins.

Markmiðið með starfi nefndarinnar er að rannsaka sérstaklega að komu LSH og HÍ og starfsmanna þeirra að málínu. Rannsóknarnefndinni er ætlað að veita álit sitt á því hvort ákvarðanir íslenskra heilbrigðisstarfsmanna í tengslum við plastbarkaígræðsluna hafi verið í samræmi við lög, reglur og verkferla og uppfylli þannig þær gæðakröfur sem gerðar eru til sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu, sbr. 7. gr. og 20. gr., sbr. 4. mgr. 9. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Einnig er hlutverk nefndarinnar að rannsaka lagalegan og siðferðilegan grundvöll fyrir þátttöku íslenskra lækna í birtingu greinar um efnið í ví sindatímaritinu Lancet og fyrir málþingi um plastbarkaaðgerðina á Andemariam Beyene í Háskóla Íslands sumarið 2012. Þá er talið mikilvægt að fá úr því skorið hvort niðurstöður rannsóknaraðila í Svíþjóð séu að hluta til byggðar á röngum eða villandi upplýsingum um þátt og að komu íslenskra heilbrigðisstarfsmanna að málínu.

Gert er ráð fyrir að rannsóknin felist m.a. í viðtölum við hlutaðeigandi íslenska lækna auk nokkurra starfsmanna Landspítala og HÍ til viðbótar sem málínu tengjast. Gert er ráð fyrir að við rannsóknina hafi nefndin samband og eftir atvikum samvinnu við rannsóknaraðila í Svíþjóð, eftir því sem við getur átt.

Talið er nauðsynlegt að nefndin hafi aðgang að sjúkraskrá Andemariams Beyene auk annarra gagna. Þann 27. september 2016 óskuðu Háskóli Íslands og Landspítali eftir því við Persónuvernd að Landspítala yrði veitt heimild til að veita sjálfstæðri rannsóknarnefnd Háskóla Íslands og Landspítala aðgang að sjúkraskránni á grundvelli heimildar í 3. mgr. 9. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000. Persónuvernd veitti

P.M. JAR


umbeðið leyfi 20. október 2016 með tilteknum skilyrðum sem nefndarmönnum ber að fara eftir, sjá III. kafla í meðfylgjandi leyfi Persónuverndar, sbr. fylgiskjal nr. 1. Leyfið gildir til 20. október 2018. Skilyrði þau sem fram koma í leyfi Persónuverndar eru hluti af skipunarbréfi þessu.

Af hálfu Háskóla Íslands og Landspítala er lögð áhersla á að rannsóknarnefnd sé skipuð óháðum sérfræðingum sem hafa fullt sjálfræði um rannsóknina, innan ramma laga og skipunarbréfs þessa. Nefndin getur kallað hvern þann starfsmann HÍ og LSH sem hún telur þurfa á fund sinn og ber starfsmönnum að koma fyrir nefndina og svara spurningum hennar á grundvelli starfssambands þeirra við LSH og/eða HÍ. Nefndarmenn lúta ekki stjórnunar- eða boðvaldi Háskóla Íslands eða Landspítala í störfum sínum. Lögð er rík áhersla á trúnað og þagnarskyldu nefndarmanna og munu þeir skrifa undir þagnareið, sbr. til hliðsjónar 18. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. einnig ákvæði III. kafla laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga og 17. gr. laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn.

Rannsóknarnefndinni er ætlað að skila skýrslu með niðurstöðum sínum í síðasta lagi 31. maí 2017, ef unnt er. Um birtingu skýrslunnar eða hluta hennar fer samkvæmt ákvörðun nefndarmanna og skilyrðum samkvæmt leyfi Persónuverndar. Um laun nefndarmanna fer samkvæmt samkomulagi við HÍ og LSH.



Páll Matthíasson, forstjóri LSH



Jón Atli Benediktsson, rektor HÍ

#### Fylgiskjöl:

1. Leyfi Persónuverndar til aðgangs að sjúkraskrá, dags. 20. október 2016.
2. Yfirlýsing um þagnarskyldu um upplýsingar í sjúkraskrá.

Undirrituðum hefur með erindisbréfi verið falið að skoða meðferð og andlát sjúklings AB sem lést 30. janúar 2014. Hafði hann verið greindur með krabbamein í barka, gengist undir skurðaðgerð og geislameðferð á Landspítala og var jafnframt vísað til frekari meðferðar á Karolinska sjúkrahúsínu í Stokkhólmi (hér eftir KS), þegar sýnt þótt að krabbameinið hefði tekið sig upp á ný og frekari meðferð á Íslandi væri ekki möguleg. Gekkst sj. þá undir aðgerð á KS, þar sem græddur var í hann gervibarki. Er undirrituðum ætlað að fara yfir öll atriði málsins með sérstakri áherslu á:

1. Aðdraganda, atburðarás, eftirfylgni og andlát sjúklingsins.
2. Hvernig staðið hafi verið að öflun upplýsts samþykkis sjúklings.
3. Tildrog og aðdraganda að því að sjúklingur var sendur utan til aðgerðar.
4. Hvernig var eftirliti eftir aðgerðina í Svíþjóð háttáð á LSH og hvert var ástand sjúklings á þessum tíma.

Er nefndinni falið að skila ýtarlegri skýrslu um störf sín og niðurstöður við fyrsta tækifæri.

Í erindisbréfinu kemur fram að meðhöndlendi læknir í Svíþjóð er nú til rannsóknar af hálfu yfirvalda í Svíþjóð, bæði varðandi aðdragandann að m.a. ofangreindri aðgerð á KS og vegna hugsanlegra falsana á niðurstöðum í kjölfar aðgerðarinnar, sem birtust í vísindagrein í tímaritinu Lancet.

Rétt er að taka fram að nefndinni er ekki falið að fara yfir vísindalegan þátt málsins.

Spurningar, sem óskað er svara við

### Aðdragandi, atburðarás, eftirfylgni og andlát sjúklingsins

Við innlögn sj. á Landspítala var vitað að hann hafði æxli í barka, sem vaxið hafði staðbundið og þrengdi mjög að öndunarvegum. Ljóst var að aðgerð var nauðsynleg til að hindra að öndunarvegir lokuðust. Í aðgerðinni kom upp mikil blæðing sem fylgikvilli aðgerðarinnar. Gert hafði verið ráð fyrir að blæðing gæti lokað öndunarvegum í aðgerðinni og því var hjarta og lungnavél tiltæk og skjót viðbrögð í kjölfar blæðingarinnar björguðu lífi sj., þó um tíma væri það mjög tvísýnt. Ekki tókst að fjarlægja allt æxlið í aðgerðinni og fékk sj. geislameðferð í framhaldinu. Eftirfylgni eftir aðgerð var í samræmi við ástand sjúklings á hverjum tíma og virðist sj. hafa verið í góðu sambandi við lækna og annað starfsfólk á LSH, sem hann þurfti að leita til.

Vegna endurkomu æxlis var leitað ráðgjafar lækna í Bandaríkjunum og sj. var síðan vísað til lækna á Karolinska sjúkrahúsínu í Stokkhólmi þar sem hann gekkst undir bárkaígræðslu um mánaðarmótin maí/júní 2011. Í kjölfarið lagðist hann inn á LSH þar sem eftirméðferð var með hefðbundnum hætti. Við útskrift af LSH fluttist hann á Reykjavík.

Sj. fékk nokkrum sinnum ávísað sýklalyfjum eftir útskrift af Reykjavík undir fyrirnefndar innlagnir. Er skráning vegna þessarar meðferðar með hefðbundnum hætti. Síðasta skráning á LSH er læknabréf, sem dagsett er 21. október 2013, er sj. útskrifaðist af lungnadeild og samkvæmt þeiri skráningu var ákveðið að sj. fær til Stokkhólms í umsjón lækna þar til frekari meðferðar. Ekki kemur

fram í gögnum LSH hvernig andlát sj. bar að, en af líkum má ráða að hann hafi þá verið í umsjá lækna á Karolinska sjúkrahúsínu.

Æskilegt væri að fleiri framvindunótur væru í sjúkraskrá, í tengslum við formlegt eftirlit, eftir útskriftina af Reykjalundi 23. september 2011 og þar til sj. fór til KS í október 2013.

#### **Hvernig staðið hafi verið að öflun upplýsts samþykkis sjúklings**

Sj. skrifaði 28. október 2009 undir samþykti fyrir aðgerð þar sem fjarlægja skyldi æxli úr barka og fram kom að gert var ráð fyrir að aðgerð gæti orðið erfið, þannig að grípa þyrfti til meðferðar á hjarta- og lungnavél, eins og síðan reyndist raunin. Einnig undirritaði hann upplýst samþykki fyrir berkjuspeglun 7. mars 2013.

#### **Tildrog og aðdraganda að því að sjúklingur var sendur utan til aðgerðar**

Sj. var sendur utan til aðgerðar þegar allir meðferðarmöguleikar voru tæmdir á Íslandi. Var staðið að þeirri tilvísun með venjubundnum hætti og í samráði við lækna KS. Skráning upplýsinga varðandi tilvísunina er mjög takmörkuð í sjúkraskrá Landspítala.

#### **Hvernig var eftirliti eftir aðgerðina í Svíþjóð háttáð á LSH og hvert var ástand sjúklings á þessum tíma**


Sjúklingur lagðist inn á LSH 8. júlí 2011, í beinu framhaldi af aðgerð og legu á KS. Var meðferð þá í samræmi við ástand sjúklings og eftir útskrift af LSH fluttist sj. á Reykjalund og útskrifaðist þaðan 23. september 2011. Frá þeim tíma virðist ástand sj. hafa verið nokkuð gott í um 1-1½ ár. Frá útskrift af Reykjalundi og þar til 6. mars 2013 lagðist sj. þrívegис inn á LSH í skamman tíma í hvert sinn. Fjórar berkjuspeglanir eru skráðar á þessu tímabili, þar af tvær í tengslum við fyrrnefndar innlagnir. Ekki er skráð annað formlegt eftirlit á LSH á þessu tímabili en sj. virðist hafa verið í sambandi við sína lækna m.a. í gegnum síma.

Frá mars 2013 hallaði stöðugt undan fæti hjá sj. og var hann þá í þéttu eftirliti. Hann lagðist endurtekið inn á LSH fram til 21. október 2013, er hann útskrifaðist af lungnadeild. Samkvæmt þeirri skráningu var ákveðið að sj. færi til Stokkhólms, í umsjón lækna þar til frekari meðferðar. Frá þessum tíma virðist sj. ekki hafa verið til meðferðar á Landspítala.

#### **Tillögur til úrbóta**

Æskilegt er að fyrir hendi væri vinnureglu um hvernig standa skal að skráningu varðandi ákvarðanir um tilvísun sjúklinga LSH til erlendra aðila til meðferðar. Æskilegt er að slík ákvörðun sé skráð með rökstuðningi og jafnframt verði flutt í rafræna sjúkrakrá LSH hliðargögn, eftir því sem ástæða er til. Sé leitað ráðgjafar erlends aðila er varðar meðferð ætti jafnframt að skrá niðurstöðuna í sjúkrakrá, sérstaklega ef hún hefur verið lögð til grundvallar í meðferðarvali.

Landspítala 1. október 2015

  
Torfi Magnússon      Elín J. G. Hafsteinsdóttir

## Fylgiskjal 3

Dr. Páll Hreinsson  
Afrit: María Sigurjónsdóttir og Georg Bjarnason

Reykjavík, 30. október 2017

**Varðar:** Athugasemdir við Plastbarkamálið - Skýrslu nefndar sem skipuð var af rektor Háskóla Íslands og forstjóra Landspítala hinn 27. nóvember 2016.

Kæri Páll,

Hér koma endanlegar athugasemdir mínar við skýrslu sem mér bárst í hendur á hádegi föstudaginn 20. okt. 2017. Skýrslan er nákvæm og margt í henni vel unnið. Hins vegar er einnig ýmislegt sem ég tel að þurfi að lagfæra áður en skýrslan verður birt. Með fylgja 30 bls. af athugasemdum. Þess má geta að upphaflega fékk ég 7 daga frest til þess að skila inn athugasemdum mínum, en sá frestur var lengdur um 3 daga. Ef litið er til þess að skýrslan er 253 bls. án viðauka og samantektar á ensku (það tók mig 7 klst. að lesa hana í einum rykk), og meirihluti hennar varðar mín störf og ákværðanir, verður að telja að sá andmælafrestur sem mér var veittur hafi verið skammur, en hafa verður í huga að ég er í fullri vinnu á LSH og á næturvöktum 3.-4. hverja nótt. Að sama skapi er það mér keppikefli að tefja ekki útkomu þessara mikilvægu skýrslu.

Það veldur mér vonbrigðum að sjá hvað orðalag í skýrslunni er á köflum gildishlaðið og ályktanir settar fram án rökstuðnings eða nokkurra hlutlægra gagna. Sjá nánar dæmi um þetta í athugasemdum mínum. Þetta á ekki síst við um siðfræðileg álitaefni, sem eru alltaf erfið viðfangs, sér í lagi þegar um læknisfræðileg álitamál er að ræða. Ég man ekki eftir því að hafa nokkru sinni lesið sambærilegar siðfræðilega vangaveltur um störf læknis eða heilbrigðisstarfsmanns í skýrslu sem þessari. Kaflinn um "villandi ummæli" í fjölmöldum er byggður á misskilningi og ég tel forsendur hans rangar og ályktanir hlaðnar ásökunum sem ekki standast nánari skoðun. Þá tel ég tilvitnun í ummæli Birgis Jakobssonar, fyrrverandi forstjóra Karolinska Sjukhuset (KS) og núverandi landlæknis hér á landi, einkennileg. Hann hefur sjálfur töluverða hagsmuni sem tengjast niðurstöðum þessarar skýrslu og hefur ítrekað reynt að beina athyglinni frá sinni ábyrgð á aðgerðum Macchiarinis og ráðningu hans við KS. Í þessu samhengi minni ég á niðurstöður skýrslu Kjell Asplund sem hann kynnti í fyrirlestri í Háskóla Íslands hinn 17. janúar s.l. en þar kom skýrt fram að KS var talið bera ábyrgð á brotalönum sem voru í ráðningu Macchiarinis og síðar á meðferðarferli Andemariams á KS. Ummæli Birgis, sem vitnað er til í núverandi skýrslu, dæma sig því sjálf og verður ekki séð hvaða tilgangi þau þjóna.

Það er underlegt að sjá fyrirsagnir á undirköflum með nafni mínu ("Gætti Tómas ....", "Fjallaði Tómas....."), sem vekur upp spurningar hvort rannsóknarspurningar hafi verið samdar eftir á. Sjálfur átti ég von á því að skýrslan væri meira almenns eðlis og ekki svona fókuseruð á mig persónulega, bæði sem lækni og vísindamann. Skýringin á því gæti verið sú að skýrslan virðist að langmestu leyti byggja á gögnum frá mér, sem ritari minn segir að telji hátt í 5000 bls. og innihaldi 756 tölvupósta, sem allir voru settir upp skipulega í tímalínu af mér. Skiluðu aðrir

íslenskir læknar inn tölvupóstum sínum til nefndarinnar eða öðrum skriflegum gögnum? Hvað með sánsku læknana, Macchiarini og erlenda samstarfsmenn hans? Þetta þarf að koma betur fram í inngangi, þ.e. á hvaða gögnum nefndin byggir niðurstöður sínar. Þetta tel ég lykilatriði því í sumum tilfellum finnur nefndin að störfum mínum, bæði sem læknis og vísindamanns, og án þess að fyrir því séu rök. Loks finnst mér að koma verði fram í inngangi skýrslunnar að atburðarás er alltaf erfitt að byggja á tölvupóstum eingöngu, enda skiptu símtöl við lækna sem tengdust meðferð sjúklingsins hundruðum og erfitt að sannreyna innihald þeirra.

Mér finnst einnig sæta furðu að samskipti mín við Siðfræðistofnun HÍ séu ekki rakin í skýrslunni, enda eru þeir starfsmenn HÍ og einn meðlimur Siðfræðistofnunar læknir að auki. Hér vil ég sérstaklega nefna það frumkvæði sem Siðfræðistofnun hafði af málinu, sem ekki eru fordæmi fyrir, að hafa sjálf frumkvæði að fundi með heilbrigðisráðherra og fara fram á opinbera íslenska rannsókn málins. Áður höfðu meðlimir stofnunarinnar ekki haft neitt samráð við forseta læknadeildar né yfirstjórnum LSH, og báðu hvorki þá aðila né undirritaðan um skýringar eða álit á málinu. Samt komu þeir fram í fjölmöldum og spöruðu ekki ummæli sín sem mér fundust bæði órókstudd og ærumeiðandi. Þetta lét ég skýrt í ljós í bréfi til Siðanefndar. Einnig kom ég fram sjónarmiðum mínum og gagnrýni á nefndina á framfæri á fundi með Siðanefnd sem rektor HÍ boðaði til. Loks sendi ég yfirlýsingu til fjölmölda sem sjá má í viðhengi. Á fundinum með Siðanefnd staðfesti einn meðlimur nefndarinnar, Ástríður Stefánsdóttir, sem bæði er siðfræðingur og læknir, að upplýsingar þeirra hefðu að mestu leyti byggð á umfjöllun fjölmölda, m.a. Dagens Medicin í Svíþjóð, sem gjarnan flytur frettir af málum Macchiarini í fyrirsagnastíl. Ég vil minna á að Siðfræðistofnun er sjálfstæð ransóknarstofnun innan HÍ en hún hefur ekki lögformlega stöðu sem siðanefnd skólans. Ég veit að Magnús Karl Magnússon, þáverandi deildarforseti læknadeilda HÍ, fundaði með aðilum í stjórn hennar vorið 2016 og kvartaði þá yfir þeim fullyrðingum þeirra sem komið höfðu fram, m.a. í bréfi til ráðherra en einnig í fjölmöldum, og snenu m.a. því "að þetta væri eitt alvarlegasta siðferðisslys á Norðurlöndunum.." og "...að mistök hefðu verið gerð hér á landi". Þetta gerði nefndin áður en nokkrar niðurstöður rannsóknarnefnda lágu fyrir. Í bréfi Siðanefndar sagði orðrétt: "Það skiptir höfuðmáli fyrir trúverðugleika heilbrigðisþjónustu hér á landi og fyrir rannsóknir á heilbrigðissviði að stjórnvöld taki málinu af festu þannig að upplýst verði hvað fór úrskeiðis hér á landi og að réttir lærðómar séu dregnir af því svo fyrirbyggja megi að sagan endurtaki sig". Þessar fullyrðingar Siðfræðistofnunar, um að mál hafi farið úrskeiðis áður en nokkur rannsókn fór fram, eru að mínu mati verulega óábyrgar af hennar hendi. Ég óska því eftir að þau atriði sem nefnd eru hér að ofan komi fram í athugasemdum mínum varðandi skýrsluna, enda tel ég verulega hafi hallað á minn hlut varðandi afgreiðslu Siðanefndar á þessu máli. Læt því fylgja með öll samskipti mín við nefndina í viðhengi.

Telja verður mikilvægt að við vinnslu þessarar skýrslu sé haft í huga að sá hluti sem snýr að vísindagreininni í Lancet er enn til rannsóknar hjá Sánsku siðanefndinni (CEPN). CEPN gaf út frummatsskýrslu sl. summar en fjórum mánuðum síðar er ekki enn búið að vinna úr athugasemdum og ekki er ljóst hvenær það verður. Greinin í Lancet er enn á vef blaðsins, þrátt fyrir niðurstöðu sánsku nefndanna, en Lancet er einnig með málid til skoðunar og hefur verið lengi. Í þessu sambandi er mikilvægt að líta til þess að CEPN óskaði eftir upplýsingum frá öllum 28 meðhöfundum greinarinnar, en ég hef ekki upplýsingar um að íslenska nefndin hafi aflað jafnvíðtækra gagna við vinnslu þessarar skýrslu. Þegar skýrsla CEPN liggar fyrir á Karolinska Institutet (KI) síðan eftir að taka afstöðu til skýrslunnar og ákveða hvað skuli gert við niðurstöðurnar, en í fyrri úrkurðum hennar á öðrum greinum Macchiarini sem nefndin hefur rannsakaað hefur komið skýrt fram að ábyrð allra höfunda á þeim greinum var ekki sú sama. Í þessu sambandi er rétt að

benda á að ég var aðeins 1 af 28 meðhöfundum við þá Lancet grein sem liggur til grundvallar í máli þessu.

Fyrir utan þau tilmæli sem ég hef þegar vísað til í bréfi þessu, kom það mér á óvart að ekki væri vísað ítarlegar í ummæli og viðtöl við Birgi Jakobsson landlækni og fyrrverandi forstjóra KS. Engu að síður var hann einn af viðmælendum nefndarinnar. Birgir hefur ítrekað komið með röng og ærumeiðandi ummæli um mig í fjölmöldum sem tengjast barkamálinu, bæði hér heima og erlendis. Má hér sérstaklega nefna ásakanir hans um það að ég hafi átt hugmyndina að ígræðslu plastbarka og verið í sambandi við Macchiarini áður en hann var ráðinn til KS, en þá var heilsa Andemariams ágæt. Þetta eru algjörlega órókstuddar fullyrðingar og úr lausu lofti gripnar. Meðfylgjandi bréfi þessu er samantekt yfir samskipti okkar Birgis sem ég óska eftir að verði birt með skýrslunni.

Umfjöllun um tildög þess að LSH setti af stað rótargreiningu á okkur Óskari Einarssyni, þ.e.a.s einblína á okkur tvo lækna af öllum þeim sem komu að greiningu og meðferð Andemariams, finnst mér ábótavant. Engin umfjöllun er um lagastoð fyrir slíkri rótargreiningu né heldur hvort verklag hennar standist skoðun. Af hverju vorum við Óskar ekki kallaðir til fundar við yfirstjórn eða yfirlækna okkar áður en ákvörðunin um rótargreiningu var tekin? Af hverju lagði yfirlæknir hjarta- og lungnaskurðeildar til að málið yrði á þessum tíma rannsakað af íslenskri lögreglu og vildi "harðari viðbrögð"? Hvað forsendur lágu þar að baki? Læt fylgja með í viðauka samskipti míni við yfirstjórn LSH um skipan nefndarinnar, klúður við upplýsingagjöf til okkar og annarra starfsmanna LSH og óupplýstan leka á skipunarbréfi til fjölmölda.

Loks læt ég fylgja með afrit af greinum Macchiarinis um nábarka (autopsy tracheal transplant) í Lancet, svar mitt til Sænsku Vísindasiðanefndarinnar (CEPN), og athugasemdir Alþingismanna, þ.á.m. Elínar Hirst, um barkamálið á Alþingi. Eins og sést af viðhenginu óskaði Elín sérstaklega eftir sérstakri rannsókn á málinu á Alþingi, en þar fannst mér ekki koma fram hversu tengd hún var málinu.

Til viðbótar þeim almennu athugasemdum sem fram hafa komið í bréfi þessu eru meðfylgjandi í viðauka við bréf þetta eftirfarandi athugasemdir:

- A) Í fyrsta lagi eru athugasemdir við verkefni og skipan nefndarinnar (kafla 1) og almennar athugasemdir við megininstofn skýrslunnar (bls. 1 – 227) – samtals 5 bls.
- B) Síðan koma athugasemdir við megininstofn skýrslunnar (bls. 1 – 227) – samtals 11 bls.
- C) Loks koma ítarlegar athugasemdir við megininstofn nefndarinnar (bls. 228 – 253) – samtals 14 bls.

Með kveðju

Tómas Guðbjartsson, yfirlæknir og prófessor

## Athugasemdir Tómasar Guðbjartssonar við meginnefndurstöður skýrslunnar

### kafli 8.1.

Varðandi skipan rannsóknarnefndarinnar og verkefni hennar vill undirritaður, bæði sem starfsmaður Landspítala og Háskóla Íslands, að skýrt komi fram að hann hefur frá upphafi stutt að þessi rannsókn íslensku nefndarinnar fari fram og aðstoðað nefndina á allan hátt. Það hef ég gert með því að skila inn hátt í 5000 þús. blaðsíðum af gögnum sem aðallega eru afrit af tölvupóstum mínum (756 talsins) við Paolo Macchiarini og samstarfsmenn hans við KI og KS, en einnig við íslenska lækna og heilbrigisstarfsfólk á Íslandi er varða málefni Andemariams (A), starfsmenn Sjúkratrygginga Íslands (SÍ), starfsfólk HÍ, Siðfræðistofnun HÍ, landlækni, Harvard Bioscience, Stockholm Care og fjölmjöla, bæði á Íslandi sem erlendis. Í gögnum þeim sem ég afhenti nefndinni er einnig að finna afrit úr sjúkraskrám LSH auk gagna sem ég fékk send frá læknum á KS og KI og tengjast máli A. Þess skal getið að áður en ég afhenti gögnin hafði ég fengið leyfi lögfræðinga LSH til þess að afhenda þau. Langflestir tölvupóstanna eru með netfangi mínu á Landspítala (landspitali.is), og ætti því að vera auðvelt fyrir nefndina að sannreyna að allir tölvupóstar sem tengjast þessu máli hafi skilað sér inn til nefndarinnar og engir séu þarundanskildir. Ég skilaði einnig inn öllum tölvupóstum af heimanetfangi mínu (hotmail.com) sem tengdust máli A (28 talsins) og sendir voru sömu aðilum sem tilgreindir eru hér að ofan. Einkanetfangið notaði ég í undantekningartilvikum þegar erfitt var að komast í spítalapóstinn, t.d. þegar ég var staddur erlendis. Öllum þessum gögnum kom ég fyrir í 8 þykkum möppum og setti þau sjálfur upp í nákvæma Tímalínu sem ég afhenti nefndinni. Sams konar gögn hafði ég áður afhent þremur sánskum rannsóknarnefndum, nefnd Kjell Asplund's og Sten Heckscher's, en sömuleiðis sánsku lögreglunni þar sem hafði ég hafði stöðu vitnis og ekki sakbornings. Loks má geta þess að ég kom fyrir íslensku nefndina í þremur viðtöllum sem samtals tóku hátt í 18 klst. og fóru fram í Reykjavík. Öðrum fyrirspurnum nefndarinnar, sem borist hafa í símtöllum eða tölvupóstum, hef ég svarað um hael þegar eftir þeim hefur verið leitað. Að lokum vil ég taka fram að auk þeirra tölvupóstamskipta sem vitnað er til í skýrslunni voru óteljandi símtöl við ýmsa aðila sem ekki eru skráð eða vitnað til. Taka verður tillit til þessa þegar reynt er að rekja ákveðið samhengi í atburðarás sem átti sér stað fyrir mörgum árum síðan. Stundum má þó sjá af samhengi tölvupóstanna um hvað var rætt símleiðis og hvernig reynt var að leysa þau vandamál sem upp komu.

### kafli 8.4.

Þarna kemur fyrir setningin “....rætt í símtali við Tómas um mögulega ígræðslu (e. transplant) á A...”. Víða í skýrslunni er minnst á breytingar sem Macchiarini óskaði eftir við undirritaðan að væru gerðar í texta sem hann sagðist ætlaði að nota til að geta lokið við leyfi til Vísindasíðanefndar í Stokkhólmi. Við lestur skýrslunnar virðist hins vegar sem Macchiarini hafi notað breyttan texta í öðrum tilgangi, jafnvel til að sannfæra aðra lækna og yfirmenn á KS að ígræðsla með plastbarka væri eina raunhæfa lækningin fyrir A. Ég tel mig ekki bera ábyrgð á þessu og þar virðist ekki hægt að álykta öðruvísni ég hafi verið blekktur þegar hann fékk mig til að breyta textanum. Ég vil jafnframt ítreka að ákvörðun um ígræðslu plastbarka var aldrei borin undir mig, og í breytingum á texta, sem Macchiarini fór fram á að

ég myndi breyta, er hvergi minnst á ígræðslu plastbarka (sbr. orðalagið “with or without trachea-transplant”). Enda var skilningur minn þegar ég breytti textandum að Macchiarini vildi halda inni þeim möguleika að græða í A nábarka (barki úr líki sem fellur einnig undir að vera transplant), en það var einmitt slík aðgerð sem Macchiarini varð frægur fyrir þegar hann birti árangur slískrar aðgerðar í Lancet árið 2009 (sjá viðhengi). Allir læknar sem rætt hafði verið við og komu að málum A virtust þó sammála um að ekki væri mikill tími til stefnu (æxlið var jú stækandi og erfitt að vera viss um hve hratt það myndi loka öndunarvegi A án aðgera) og bið eftir nábarka (sem getur verið mjög löng) frekar fræðilegur kostur en raunhæfur. Þetta kemur skýrt fram í formlegri beiðni þeirri sem ég sendi til Ulf Lockowand yfirlæknis á KS sem SÍ síðan samþykkti: “Evaluation for potential debulking of a tracheal tumor or tracheal resection”. Þar var óskað eftir mati KS á sjúkdómi A en það var alls ekki verið að vísa honum fyrirfram í ákveðna meðferð af neinu tagi. Þetta er einnig í samræmi við þá staðreynd að það var ég (í samráði við Þórhildi Ísberg hjá ÍSOR) sem ákvað að keyptur yrði farmiði fyrir A með Icelandair út til Stokkhólms þann 23. maí 2011 og aftur heim þann 27. maí. Ef hlutir hefðu ekki þróast á þann hátt sem þeir gerðu, eftir að A var kominn á KS, hefði verið hægt eftir heimkomu hans til Ísland að fara yfir hvað rannsóknirnar á KS hefðu sýnt og gefist gefist tími til að ræða hvaða valkostir væru í boði. Þetta hefði jafnvel mátt ræða á sameiginlegum lungnafundi á LSH. Ekki kom þó til þess, þar sem A hafði sjálfur skrifað undir samþykki fyrir ígræðslu með plastbarka tveimur dögum eftir innlögn á KS. Ég kom aldrei að þeirri ákvörðun og frétti fyrst af henni eftir að A hringdi í mig og tjáði mér hana. Hann hafði þá sjálfur tekið þessa ákvörðun. Hann spurði mig í símtali hvað mér fyndist og ég sagði honum hreinskilningslega að ég hefði enga reynslu hafa af slíkum aðgerðum. Ég latti hann þó ekki að fara í aðgerð, enda höfðu læknar á KS með Macchiarini um borð, einn færasta lungna- og barkaskurðlækni í heimi, tjáð honum að þetta væri hans eini möguleiki á lækningu á krabbameininu, en skiljanlega vildi A allt gera til að ná lækningu og lifa án krabbameins.

Í skýrslunni er vikið að því á nokkrum stöðum að ég hafi vitað, jafnvel einhverjum vikum fyrir aðgerðina, að til stæði að græða í hann gervibarka úr plasti. Meðal annars eru birtir tölvupóstar til mínum þar sem Macchiarini eða samstarfsmenn hans telja upp í nokkrum liðum hugsanlega meðferð A, og kemur barkaígræðsla fyrir í einhverjum þeirra neðst í upptalningunni. Fyrst í þessum tölvupóstum eru þó iðulega nefndir þeir valkostir sem ég óskaði eftir að yrðu ræddir, eins og primary resection eða laser debulking. Mér finnst rétt að taka aftur fram að ígræðsla með nábarka var fræðilegur kostur þar sem Macchiarini var frægur fyrir slíkar aðgerðir, en hvorki hann né aðrir sem komu að meðferð A, þ.á.m. ég, töldum það raunhæfan kost vegna langrar biðar eftir slíkum barka (sjá fyrra svar mitt). Eins og ég hef ítrekað sagt við nefndina þá las ég þessa tölvupósta ekki það ítarlega til enda að mér væri ljóst hvað þarna gæti raunverulega vrið í bígerð. Enda er það skoðun mína í dag að hvorki Macchiarni né samstarfsmenn hans hafi í raun viljað að ég vissi of mikið hvað raunverulega stæði til – enda gæti það tafið áform þeirra. Þannig var orðalag í tölvupóstum oft mjög misvísandi og í þeim koma fyrir orð eins og “nanomedicine approach”, #hypothetical trachea#, ...”generate a tissue engineered graft”, “scaffold” og “bioengineered synthetic graft”. Orðin “nanomedicine” og “hypothetical trachea” voru mér algjörlega framandi á þessum tíma, eins og reyndar fleiri læknum og því hafa aðrir lýst yfir í viðtolum, þar á

meðal Birgir Jakobsson þáverandi forstjóri KS. Ég er viss um að sama átti við, og á enn, um fleiri lækna, bæði skurðlækna og aðra. Einnig er vert að hafa í huga að þegar Macchiarini lýsti aðgerðum sínum með nábarka talaði hann einmitt um "tissue engineered graft". Það er því ekki auðvelt fyrir lækna sem standa utan svokallaðarar regenerative læknisfræði að skilja nákvæmlega hvað átt var við, a.m.k. ekki í fljótu bragði. Eins og ég tjáði nefndinni var ég undir mjög miklu álagi í vinnu á þessum tíma (þetta eru þeir mánuðir þar sem ég hef mest að gera) og las því ekki alla pósta sem ég fékk til enda. Próf stóðu yfir hjá mér í læknisfræði við HÍ sem ég var ábyrgur fyrir og mikið að gera á vöktum og í aðgerðum. Ég fæ iðulaga um 100-150 tölvupósta á dag og í sumum tilvikum sendi ég þá áfram án þess að lesa þá til enda. Þetta á t.d. við um póstinn þar sem Macchiarini vildi komast í tengsl við röntgenlæknana Maríónnu Garðarsdóttur og Pétur Hannessonar. Mér finnst ekki sanngjarnt að þótt ég hafi fengið afrit (cc) af tölvupóstum sé ég þar með búinn að samþykkja allt innihald þeirra, eða sé dæmdur þannig að ég sé ekki nægilega "aðgæslusamur" sem læknir. Þetta orðalag er ósanngjarnt og of gildishlaðið - og að mínu mati fjarri þeim kröfum sem með sanngirni er hægt að gera til lækna eða annarra sem fá mjög marga tölvupósta daglega svo sem stjórnendur stórra starfseininga á annatínum. Vissulega hefði ég eftir á að hyggja getað óskað eftir frekari upplýsingum um áform KS og Macchiarinis, en var í góðri trú þar sem ég taldi A á leið í rannsóknir til mats á frekari meðferð, sem síðan yrði rædd eftir að A sneri heim 27. maí. A hafði hins vegar sjálfur hætt við að snúa aftur heim þann dag og samþykkt bárkaígræðslu með plastbárka. Af símtölum mínum við A var honum fyllilega ljóst að um tilraunaaðgerð værði að ræða, aðgerð sem ekki hefði verið gerð áður á mönnum. Hvernig þær upplýsingar voru lagðar fyrir hann á KS get ég ekkert tjáð mig um, og verða læknar hans þar að svara því. Ég get heldur ekki tjáð mig um hvort aðrir læknar voru fengnir til að ræða við A um aðra meðferðarkosti, enda vorum við læknar A á Íslandi ekkert hafðir með í ráðum um þessa ákvörðum. Það skal ítrekað að endanlega ákvörðun um plastbárkaaðgerðina var sjúklingsins, en A var bæði vel gefinn og víssindamaður þótt ekki væri hann læknir. A var einnig viljasterkur (eins og segir í einum tölvupóstinum og vísað er til í skyrlunni: "He had his strong will") og setti sig ávallt inn í valkosti sína með því að kynna sér þá í þaula á netinu. Síðan spurðist hann fyrir og tók ákvörðun út frá því. Stundum bað hann mig um álit á meðferð sinni, t.d. er varðaði ákvarðanir lækna á KS. Ég fékk engu að síður yfirleitt litlu ráðið og læknarnir á KS tóku ákvörðun í samráði við A. Þetta átti t.d. við um ísetningu stoðneta síðar í meðferðinni sem ég var persónulega stundum oft mjög ósáttur við. Ekki bætti úr skák að mér voru yfirleitt ekki sendar aðgerðarlýsingar eða læknabréf og frétti oftast af meðferðinni í gegnum A sjálfan. Í þessu samhengi minni ég á það sem Kjell Asplund sagði aðspurður í fyrirspurnum eftir fyrirlestur hans á opnum fundi í Háskóla Íslands 17. janúar 2017 að lokinni rannsókn sinni á þessu máli ([http://sidfraedi.hi.is/fyrirlestur\\_kjell\\_asplund\\_um\\_plastbarkamalid](http://sidfraedi.hi.is/fyrirlestur_kjell_asplund_um_plastbarkamalid)). Orð hans voru skýr. Læknar og ferli KS/KI brugðust í þessu máli og þeir íslensku læknar sem vísuðu A til mats á mögulegri meðferð á KS hefðu með engu móti getað reiknað með þeim brotalönum í innri ferlum þessara stofnana sem komu í ljósi við rannsókn málsins. Þeir áttu að geta treyst þessum heimsþekktu stofnunum sem leitað var til í krafti sérfræðiþekkingar sem þar var saman komin.

Þarna er rakið að ég hafi breytt texta í beiðni til sœnskrar Siðanefndar og það að ósk Macchiarini. Þetta var í annað sinn sem Macchiarini bað um breytingar á

þessum texta og í bæði skiptin tjáði hann mér að tilgangurinn væri að klára siðanefndarumsókn. Í fyrra skiptið var bætt við orðinu "with or without transplantation", sem ég taldi ekki óeðlilegt þar sem Macchiarini var þekktur fyrir aðgerðir með nábarka. Í síðari breytingunni virðist orðið "laser debulking" ekki vera lengur að finna í textanum, heldur aðeins minnst á hefðbundna skurðaðgerð með eða án ígræðis. Ég tók ekki eftir þessari breytingu fyrr en mér var bent á það eftirá, þ.e. að "laser debulking" væri ekki lengur með í textanum. Á þessum tímapunkti var að mínu mati laser debulking algjörlega raunhæfur valkostur í meðferð A og sennilega sá nærtækasti. Það sést vel á beiðnum mínum til KS og tölvupóstum til lækna þar og sendir voru um svipað og valkostir í meðferð voru ræddir. Það eru því óréttmætar vangaveltur að ég hafi með þessu útilokað valkosti í meðferð A, og endurtek að það sem stóð í beiðni minni til sjúkrahússins og SÍ hafði samþykkt, var enn í fullu gildi.

Þar er setning sem segir: "Athygli vekur að Tómas virðist ekki hafa ráðfært sig við aðra sérfræðinga á Landspítala af framangreindum tölvupóstum frá Macchiarini um þá meðferðarkosti sem hann hafði kynnt Tómasi, þ.m.t. þeim möguleika að græða gervibarka í Andemariam." Þessi athugsaemd þykir mér skjóta skökku við því eins og rakið hefur verið áður í fyrri athugasemdu mínum þá var ákvörðun um plastbarkaígræðslu aldrei borin undir mig né aðra íslenska lækna A. Einnig er rétt að benda á að í því teymi sem ég starfa í, og hef gert í rúm 12 ár, þ.e. hjarta- og lungnaskurðteymi, er engin hefð fyrir því að rædd sé sérstaklega meðferð sem ákveðin hefur verið eftir tilvísun sjúklings til meðferðaraðila erlendis. Þetta á bæði við um morgunfundí í hópi hjarta- og lungnaskurðlækna eða á sameiginlegum lungnafundi, en þeir eru haldnir á hverjum fimmtduegi kl. 15. Þangað eru allir hjarta- og lungnaskurðlæknar boðaðir en oftast hef ég mætt þar sem eini fulltrúi hjarta- og lungnaskurðlækna. Enda hef ég sjálfur sinnt langfelstum skurðaðgerðum á þeim sjúklingum sem þar er ræddir síðan ég kom til starfa á LSH fyrir rúmum 12 árum síðan. Einnig vil ég ítreka að þegar sjúklingurinn er kominn úr mínum höndum (eða annarra lækna á LSH) þá er hann kominn í meðferð þess læknis eða lækna sem taka við honum á erlendu stofnuninni, sem í þessu tilviki var eitt virtasta og frægasta sjúkrahús í heiminum. Reyndar er ákveðinn öryggisventill á gæði tilvísana íslenskra lækna til meðferðar erlendis en SÍ verður að samþykka meðferðina og greiðslu fyrir hana. Læknar hjá SÍ leggja því mat á vísindalegan grunn fyrir meðferðinni og hvort hún sé gagnreynd (evidence based). Í þessu tilviki var sjúklingi vísað í rannsóknir með spurninguna hvort laser debulking eða primary resection ætti við, og samþykkti SÍ þá beiðni. Síðar kom í ljós að KS vildi gera annars konar aðgerð og að um tilraunameðferð væri að ræða. SÍ var síðan í sambandi við lækna KS en jafnframt forstjóra KS, Birgi Jakobsson. Hann hlutaðist til um að útbúinn var sérstakur samningur þar sem SÍ greiddi fyrir hefðbundna meðferð en KS sæi um tilraunahlutann. Mér var aldrei sýndur þessi samningur og var aldrei hafður með í þessum umræðuhring SÍ, lækna KS og forstjóra KS. Mér finnst þetta enn undarlega þegar ég sé samninginn nú í fyrsta skipti í skýrslunni en þar er ítrekað minnst á "islandske lakaren" og skírskotað til míni og hvaða skyldur varðandi meðferð A ég eigi að inna af hendi. Eftir á að hyggja voru þessar kröfur til míni algjörlega óraunhæfar og hefði skilyrðislaust átt að bera undir mig á annan hátt en með svona tölvupósti: "Nú er niðurstaða komin í mál A" og tekið fram að ég verði að ábyrgjast "að annast eftirméðferð" A á Íslandi. Mér gekk einungis gott til með því að segjast jákvæður við ofangreindri beiðni,

skjólstæðingi og vini mínum til góðs. Augljóslega var ég ekki nægilega upplýstur um meðferðina né eftirmeðferðina. Ekki er síður merkilegt að mér var heldur aldrei sendur svokallaður "Transplantations protokoll" en hann var 28 MB og var sendur SÍ í því skyni að fá stofnunina til að koma að greiðslu fyrir meðferð A.

**8.10.** Þarna er komið inn á þá tregðu sem varð í samskiptum mínum við lækna A á KS og varðaði meðferð hans á KS. Þetta átti sérstaklega við um lækna á HNE deild sjúkrahússins, þar sem Macchiarini var starfandi. Fram kemur í tölvupóstum yfirlæknis deildarinnar að fjárhagsstaða HNE-deildarinnar hafi á þessum tíma (2011-2012) verið bágborin. Það var síðan notað sem röksemd fyrir því að HNE-deildin gæti ekki staðið við sinn hluta af samningnum sem gerður var við SÍ (og ég hafði heyrt um en ekki séð fyrr en nú). Þetta kostaði mig óhemju vinnu við bréfaskriftir og símtöl, bæði við lækna á KS og fulltrúa SÍ sem skiljanlega vøru ekki á því að láta KS svíkjast undan samningnum. Þetta gekk svo langt að ítrekað var haft samband við Birgi Jakobsson, þáverandi forstjóra KS, sem tók þá óvæntu ákvörðun að "ganga ekki gegn" ákvörðun yfirlæknis HNE-deildar og kosta ekki meðferð A. Þetta kom okkur íslensku læknum A algjörlega í opna skjöldu, enda töldum við okkur eiga hauk í horni í Birgi, sem í senn var bæði íslenskur læknir og forstjóri KS. Þar að auki þekkti hann vel til mála A. Ástandið átti síðan bara eftir að versna og í tölvupóstum mínum sést vaxandi pirringur í samskiptum mínum við lækna KS, bæði á HNE deildinni en einnig við lækna brjóstholsskurðdeildinni (thorax), þangað sem Macchiarini átti síðar eftir að starfa. Þannig skrifaði ég harðort bréf til KS í ágúst 2012 sem sænskir fjölmöðlar kölluðu síðar "neyðarópið" (s. nödrapet). Síðar var Macchiarni leystur undan klínískum skyldum sínum á KS og kom eftir það ekkert frekar að meðferð A. Ekki batnaði ástandið við það. Hér heima biðum við læknar A og hann sjálfur svo mánuðum skiptir eftir úrræðum frá KS. Það var síðan ekki fyrr en læknum á KS varð ljóst að A væri kominn með fistil milli vélinda og berkju (greindist á LSH) sem skriður komst á málín og hann síðan fluttur yfir á KS. Þá var ástand hans því miður orðið mjög alvarlegt og ekki tókst að bjarga lífi hans. Ég vil þó taka fram að læknarnir Ulf Lockowand, Lotta Orre og Magnus Nilsson reyndu hvað þau gátu að hjálpa til. Flækjustigið innahúss á KS varð hins vegar til þess að dráttur varð á því að tekið væri með festu á vandamálum A á sjúkrahúsínu. Verklag sem þetta hlýtur KS að þurfa að taka til alvarlegrar skoðunar þegar fyrir liggja undirritaðir samningar um meðferð erlendra sjúklinga þar.

**8.11.** Þarna er vikið að vináttu okkar A, en ég get staðfest að við A urðum mjög nánir vinir, enda höfðum við frá því ég gerði á honum flókna bráðaaðgerð haustið 2009 farið í gegnum mikinn öldusjó saman. Strax haustið 2009 átti A undir högg að sækja félagslega, enda var hann þá staddur á Íslandi sem námsmaður, víðs fjarri heimalandi sínu og fjölskyldu. Hann naut þó góðs af sérstaklega góðum og hjálpsönum íslenskum vinum sínum hjá ÍSOR og HÍ, m.a. Gylfa Hersi og Þórhildi Ísberg. Þau gerðu allt og meira til í því að greiða götu hans í veikindunum. Hann hafði þó aðeins tímabundið landvistarleyfi á Íslandi sem námsmaður við Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna, skóla þar sem áhersla er lögð á að nemendur skili sér aftur með nýja þekkingu til heimalandsins. Í Eritreu ríkti á þessum tíma borgarstyrjöld og að sögn A var þar hvorki í boði greining né sérfræðimeðferð fyrir sjúklinga með illkynja sjúkdóma. Ég efaðist aldrei um þau orð hans. Í raun skynjaði ég oft meiri áhyggjur hjá honum af því að vera "sendur aftur heim" til Eritreu en í

hverju meðferðin sem hann væri að fá gengi. Mestar áhyggjur hafði hann þó af eiginkonu sinni og börnum, en þegar plastbarkaígræðslan fór fram hafði hann aldrei litið yngri son sinn augum. Um þetta leyti, skömmu eftir hrunið, var gríðarlegur aðahaldskrafa í íslensku heilbrigðiskerfi og nefndi A oftsinnis hvað honum fannst erfitt að vera baggi á íslensku heilbrigðiskerfi. Færði hann því oftsinnis í tal við mig hvort ekki væri best að hann flytti til Svíþjóðar og sækti þar um landvistarleyfi sem flóttamaður. Ég taldi hann ofan af því, enda var reynsla mína af KS og eftirméðferðinni þar ekki þannig að ég teldi að hann fengi þá umönnunum þar sem hann þyrfti. Betra væri að að við hjálpuðum honum að fá þá þjónustu sem hann þyrfti hér heima – og leituðum til KS um aðstoð og sérfraeðiráðgjöf. Hin lausnin hefði augljóslega létt af mér mikilli vinnu en þarna reyndi ég að setja velferð A efst. Fyrir þetta var A mér mjög þakklátur, enda varð honum smám saman ljóst hveru miklar brotalamir væru í þeirri meðferð sem KS var að bjóða upp á. A var ekki síður þakklátur þegar mér tókst að fá einkafyrirtæki til að greiða ferðakostnað fjölskyldu hans til Íslands, en á núvirði eru þetta um 2 milljónir króna. Þetta gerði fyrirtækið afmannúðarsjónarmiðum og nafn þess hefur aldrei komið fram að þeirra ósk. Ég var honum einnig innan handar við að komast í betra húsnæði og stóð í alls konar redingum, oft í samstarfi við vini hans og starfsfélaga á ÍSOR. Mesta vinnu lagði ég þó í að sækja um landvistarleyfi fyrir hann og fjölskyldu hans. Þetta var ferli sem tók næstum rúmt ár. Í þessu ferli gat ég sem læknir hans á LSH staðfest að ég teldi að lífshættulegt gæti verið fyrir hann að snúa aftur til Eritreu. Ég skrifaði fjölda bréfa til yfirvalda í Eritreu og sendiráða þeirra í N-Evrópu, en einnig hringdi ég að beiðni A í ýmsa fulltrúa ráðuneyta í heimalandi hans en hann hafði áður gefið mér upp nöfnin og símanúmer. Þetta var vægast sagt flókið viðfangsefni, enda ástandið í Eritreu mjög óstöðugt og litla hjálp að fá. Skiljanlega óttaðist A um fjölskyldu sína og okkur virtist sem stjórnvöld þar væru treg til að leyfa fjölskyldu hans að koma til Íslands svo hann myndi skila sér aftur heim með menntun sína. Að lokum tókst að breyta landvistarleyfi A úr "student" í "humanitarian" og litum við báðir á þetta sem mikinn sigur. Síðar fékk fjölskylda hans einnig landvistarleyfi, sem gerði hann enn glaðari. Tölvupóstar mínr til útlendingastofnunar, Andemariams sjálfs, sendiráða Eritreu, og starfsfólks ÍSOR, staðfesta hversu mikið ég lagði á mig í þessum efnum, en það ætti eiginkona A einnig að geta vottað. Það er mat mitt að umfjöllun í fjölmiðlum um A og þá stöðu sem hann hafi verið í hafi tvímælalaust hjálpað til við að útvega honum landvistarleyfi. Sama átti við um leyfi yfirvalda í Eritreu að koma fjölskyldu hans til Íslands. Eftir því sem á leið urðum við A því enn nánari vinir og ég kynntist fjölskyldu hans betur. Samband okkar varð því klárlega miklu meira en hefðbundið samband læknis og sjúklings. Ég sé ekkert rangt við það, hvorki frá læknisfræðilegu eða siðfræðilegu sjónarmiði. Óneitanlega geta mörkin á milli læknis og vinar verið óljós, eins og t.d. þegar óskað var eftir viðtöllum við A hjá fjölmiðlum. Ég vil þó taka skýrt fram að mér fannst ég aldrei þrýsta á A að svara fjölmiðlum. Yfirleitt leituðu fjölmiðlar beint um viðtöl, eins og t.d. RÚV og Fréttablaðið. Hann óskaði síðan eftir því að ég væri eins konar "gate keeper" og segði honum mína skoðun á því hvort hann ætti að taka viðtalið eða ekki. Þetta ætti ekkja A að geta staðfest. Þetta átti þó ekki við um viðtalið sem tekið var við hann í júlí 2011, tæpum mánuði frá aðgerðinni. Þá var hann staddur á KS og ég á þingi í Amsterdam. Sama á við um viðtal við NYT þegar hann var staddur í eftirliti á KS í febrúar 2012. A létt mig þó vita af þessum viðtöllum, en eftir að þau voru komin í ferli eða tekin. Ég viðurkenni fúslega að í flestum tilvikum latti ég hann

ekki til þess að fara í viðtöl, ekki síst við íslenska fjölmíðla. Enda taldi ég að það gæti nýst honum í baráttu hans fyrir landvistarleyfi. Mörg fordæmi eru fyrir því að umfjöllun í fjölmíðlum hafi hjálpað erlendum ríkisborgurum að fá landvistarleyfi hér á landi. Ég sé ekkert rangt við það að reyna með þessu móti að leggja honum og fjölskyldu hans lið eftir mætti, enda vorum við nánir vinir og í nánast daglegu sambandi. Það hefði verið einkennilegt að leggja sig allan fram um að finna og fá meðferðarúrræði fyrir þennan vandaðamann, sem var orðinn vinur minn, en láta síðan skeika sköpuðu með framhaldið, þar á meðal áhættuna á að hann yrði sendur til Eritru þar sem engin sérfræðimeðferð var í boði. Hvort það var rétt mat hjá mér er annarra dæma en þetta var strategía sem við A tókum saman og höfðum rætt við lögfróða aðila sem við bárum traust til.

Eins og kemur fram í skýrslunni var A afar vel gefinn og viljastyrkur hans mikill. Hann létt aldrei segja sér fyrir verkum og stundum sagði hann hluti í viðtolum sem komu mér og öðrum í opna skjöldu, enda ávallt sérlega hreinskilinn. Ég ritstýrði honum aldrei í viðtolum og var aldrei viðstaddir þegar hann ræddi við fjölmíðla. Sjálfur fór ég í mörg viðtöl við erlenda fjölmíðla að beiðni Macchiarini, sem að eigin sögn var of upptekinn til að sinna þeim sjálfur. Þetta tók mikinn tíma en ég, líkt og A þegar hann var beðinn, tókum þetta að okkur í góðri trú. Við vorum sífellt minntir á af læknum á KS að tilraunahluti aðgerðarinnar hefði verið Íslandi að kostnaðarlausu og tugir lækna og mörg fyrirtæki hefðu gefið vinnu sína. Þar með er ég ekki að segja að það hafi verið ástæða fyrir því að ég hafi hvatt A í viðtöl. Engu að síður var þetta tilfinning sem við báðir gengum með, og einkendist af þakklæti fyrir veitta aðstoð. Þessi mynd átti síðar eftir að breytast, enda kom í ljós að hvorki Macchiarini né KS væru að veita A (né okkur læknum hans á LSH) þá þjónustu sem samið var um í upphafi. Eflaust er hægt að velta vöngum yfir því að vinátta okkar A hafi gert honum erfiðara fyrir að segja nei við viðtolum og spurningalistum fjölmíðlafólks. Ég taldi mig þó aldrei misnota vinskap okkar á þennan hátt og er sannfærður um að ef þau hefðu verið honum á móti skapi hefði hann einfaldlega sagt nei og staðið við það. Þetta ætti ekkja A að geta staðfest og þannig var persónuleiki A. Þegar dagsetningar fyrir meðferð voru ákveðnar var hann óhræddur að breyta eða seinka þeim, eitthvað sem Macchiarini fannst undarlegt að við lækna hans hér á LSH skyldum samþykkja. Sömuleiðis neitaði A stundum eftirliti, eins og berkjaspeglunum á Íslandi. Ástæðan var sú að hann vissi að tækjabúnaður á LSH væri ekki af bestu gerð, t.d. ef stöðva þyrfti blæðingu. Við sendum hann því hiklaust í þessar rannsóknir á KS – sem oft kostaði þó mikla vinnu og skriffinnsku.

### **kafla 8.12.**

Í þessum kafla er vikið að færslu upplýsinga í sjúkraskrá Landspítala. Það er rétt sem nefndin bendir á að það sé ekki hefði fyrir því að færa beiðnir til SÍ í Sögukerfi. Engu að síður stóð ég í þeirri trú að afrit ([þ.e. óskannað] hefði farið inn í pappírssjúkraskrá A. Þessar beiðnir eru skannaðar af læknaðarum og sendar þannig í tölvupósti til SÍ en stundum jafnfram í hefðbundnum pósti. Ég er þó ekki að kenna riturunum um. Hefur nefndin gengið úr skugga um hvort þessar beiðnir séu örugglega ekki í pappírssjúkraskrá A? Í pappírssjúkraskránni eiga einnig að vera þau fáu læknaðréf og aðgerðarlýsingar sem okkur voru sendar frá KS - gögn sem voru send til míni í pósti og ég létt færa þangað óskönnuð. Stundum týnast þó því miður pappírssjúkraskrár eða hlutar þeirra við það að velkjast um á hinum

ýmsu deildum og skrifstofum lækna spítalans. Ég tel mig hafa gert allt sem í mínu valdi stóð til að krefjast þess að fá send læknabréf og aðgerðarlýsingar frá læknum á KS, en þessi gögn bárust yfirleitt aldrei eða löngu seinna og má það heita með ólíkindum á svo virtu sjúkrahúsi. Ég kvartaði undan þessu óteljandi sinnum í síma við hina ýmsu lækna á KS en sendi einnig tölvupósta. Sama gerðu aðrir kollegar á LSH. Ekki er hefð fyrir því að leita til forstjóra eða yfirstjórna LSH til að reka á eftir slíkum gögnum, enda tel ég fordæmalaust að svo virt sjúkrahús, sem þar að auki gefur sig sérstaklega út fyrir að taka á móti sjúklingum erlendis frá, sinni ekki lögbundinni skyldu sinni og sendi með sjúklingum læknabréf og aðrar nauðsynlega upplýsingar að lokinni meðferð. Undirmönnun eða tímaskortur tel ég lélega afsökun, en þetta er misbrestur í verklagi sem KS ber ábyrgð á og ber að lagfæra.

Þarna er vikið að beiðni undirritaðs til Massachusetts General Hospital (MGH) í Boston. Á þverfaglegum lungnafundi, sem haldinn er vikulega á LSH með fulltrúum þeirra sérgreina sem koma að greiningu og meðferð sjúklinga með illkynja sjúkdóma í brjóstholi, var ákveðið að leita eftir ráðlegginum lækna erlendis frá. Ástæðan var sú að æxli A hafði stækkað og frekar geislun ekki talin möguleg. MGH telst það sjúkrahús í heimi sem hefur mesta reynslu af aðgerðum á barka, ekki síst þessu krabbameini sem A þjáðist af og ég held að ekki hafi áður greinst í barka á Íslandi. Frekari geislameðferð var ekki talin koma til greina því þá myndu hljótast af skemmdir á nálægum líffærum eins og vélinda og lunga. Rétt er að taka fram að beiðni mín til MGH um álit var í formi tölvupósts og vísaði ég þar til þess að ég hafði unnið á öðrum Harvardspítala (Brigham Womens Hospital) árin 2000-2001. Því fannst mér ekki óeðilegt að ég væri valinn til þess að hafa samband við MGH. Hvorki ég né LSH greiddum fyrir þetta álit, enda geta þau kostað mikið fé og tekið langan tíma í kerfinu. Þarna hafði ég aðgang að gríðarlega reyndum skurðlækni sem vann á sömu stofnun og ég hafði unnið á. Boðleiðirnar voru því stuttar. Engu að síður tók langan tíma að fá svar en þegar svarið barst voru skilaboðin skýr og í takt við það sem ég átti von á, þ.e. líknandi meðferð. Vó þar þungt að áður var búið að gera á sjúklingum flókna aðgerð og þar að auki gefa hámarksgeislun-atriði sem gerir barkaaðgerð með primary resection (sem alltaf eru afar flóknar) umtalsvert flóknari en ella (skert blóðrás í barkaendum og því hætta á lífshættulegum fylgikvillum). Ég færði svarið frá MGH ekki inn með formlegum hætti í sjúkrahússkerfi LSH. Hins vegar ræddi ég svarið á þverfaglegum lugnafundi og vísað er til þess í nótum þar. Hér var því ekkert verið að fela. Þess má geta að löng hefð er fyrir því að íslenskri læknar, ekki síst skurðlæknar, leiti til kollega sinna erlendis og fái ráð, án þess að það sé gert með formlegum beiðnum eða greitt sérstaklega fyrir það. Þannig hef ég komið að málefnum fjölda sjúklinga sem sendir hafa verið erlendis til meðferðar af LSH, m.a. til Boston og Lundar. Slíkar óformlegar sérfræðiráðleggingar kollega sem maður ber traust til eða þeir sem maður þekkir úr sínu sérnámi mæla með geta verið ómetanlegar litlum starfseiningum og sérfræðilæknum smærri sjúkrahúsa líkt og Landspítala.

#### Kafli 8.14.

